



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Reykjavík 30. september 2021

2109044SA KB  
Málalykill: 00.64

### **Efni: Umsögn um skilgreiningu opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis, S-157/2021.**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt þann 19. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að nýrri skilgreiningu á grunnþjónustu hins opinbera, rétti fólks til opinberrar grunnþjónustu og skilgreiningu á aðgengi fólks.

Verkefnið byggir á aðgerð A18 í byggðaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að skilgreindur verði réttur fólks til opinberrar grunnþjónustu, svo sem heilbrigðisþjónustu, löggæslu, menntunar, samgangna og fjarskipta. Þegar skilgreining liggur fyrir verða unnar tillögur um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar við að sækja einstaka þætti þjónustu á vegum ríkisins og gerðar tillögur um það í langtímaáætlun sem gert er ráð fyrir að verði til eigi síðar en árið 2021.

#### **Afstaða sambandsins**

Að mati sambandsins er afar jákvætt að unnið sé að skilgreiningu grunnþjónustu og rétti fólks til hennar. Líkt og fram kemur í stefnumótun sambandsins fyrir árin 2018-2020 leggur sambandið m.a. áherslu á að þjónusta ríkisins verði sem víðast á landinu, heilbrigðisþjónusta verði örugg og aðgengileg fyrir alla landsmenn og veitt í nærumhverfi en áhersla verði á innleiðingu fjarheilbrigðisþjónustu til að tryggja aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu. Þá hefur sambandið talað fyrir því að tæknin verði í auknum mæli nýtt til að auka þjónustu og bæta þjónustuframboð um allt land enda hefur Covid 19 faraldurinn að mörgu leyti opnað augun fyrir því hversu spennandi hluti er hægt að gera með tækninni t.d. í velferðar- og menntamálum.

Heilt yfir er sambandið ánægt með drögin og þakkar Byggðastofnun sérstaklega fyrir gott samráð við gerð tillagnanna. Að mati sambandsins er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga við lokaútfærslu skjalsins sem og gerð fyrirhugaðra tillagna um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar:

- Það mætti koma skýrar fram í skjalinu hver tilgangur þess er og hvaða þýðingu skilgreiningar í skjalinu kunna að hafa varðandi útfærslu á tæknilegri framkvæmd og jöfnun kostnaðar.
- Í skjalinu er gert ráð fyrir að rétturinn til grunnþjónustu verði skilgreindur með eftirfarandi hætti: „Allir landsmenn skulu hafa jafnan rétt til opinberrar grunnþjónustu.“ Jafnræði er að sjálfsögðu meginregla við úrfærslu grunnþjónustu. Það er þó mikilvægt við endanlega útfærslu skjalsins að það komi skýrt fram að það sé málefnalegt út frá jafnræðisreglu að aðgangur að grunnþjónustu geti verið mismunandi eftir aðstæðum svo ekki séu skapaðar óraunhæfar væntingar um hvaða rétt skilgreiningin hefur í för

með sér. Það að eiga „jafnan rétt“ felur ekki endilega í sér að rétturinn sé útfærður eins fyrir alla óháð búsetu. Vikið er að þessu á nokkrum stöðum í greinargerð en að mati sambandsins þarf þetta að vera skýrt strax í upphafi þar sem skilgreiningin er sett fram til að stilla væntingum í hof.

- Mikilvægt er að skilgreina í framhaldinu hvaða þjónusta er þess eðlis að hún þurfi að vera staðbundin í nálægð við íbúa, þ.e. eiginleg nærþjónusta sbr. skilgreiningu þar að lútandi í greinargerð. Þó svo að mikil tækifæri felist í þróun velferðartækni er augljóst að í ýmsum tilvikum myndi núverandi þjónustustig skerðast með óviðunandi hætti ef fjarþjónusta væri ætlað að taka við af hefðbundinni þjónustu. Fyrst og fremst ætti því að leggja áherslu á að innleiða fjarþjónustu og tæknilausnir sem viðbót við núverandi þjónustustig. Sambandið leggur einnig áherslu á mikilvægi þjónustu sem hefð hefur skapast um að sé til staðar innan samfélagsins, sbr. umfjöllun um lögheimila þjónustu í inngangi þess skjals sem hér er til umfjöllunar. Íbúar eiga réttmætar væntingar til þess að slíki þjónustu (svo sem á dvalar- og hjúkrunarheimilum) sé viðhaldið enda þótt ekki sé mælt fyrir um inntak þjónustu eða lágmarksinntak hennar í lögum.
- Þegar rætt er um stigskiptingu opinberrar þjónustu er mikilvægt að gæta samræmis í hugtakanotkun og skilgreiningum þvert á málaflokka. Samspil grunnþjónustu og skiptingar eftir stigum taki þannig mið af þeirri vinnu sem unnin hefur verið (og verður unnin áfram á næstu misserum) við að flokka mismunandi þjónustupætti niður á þrjú stig m.t.t. til þess hversu sértæk þjónustan er og hversu sérhæfða þekkingu þurfi til þess að veita hana. Þar bendir sambandið á að þjónusta sem kallar á mjög sérhæfða þekkingu flokkast alla jafna á þriðja stig og er veitt af miðlægum stofnunum sem þjóna landinu öllu, svo sem Landspítala, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Mikilvægt er engu að síður, eftir því sem unnt er, að slík sérhæfð þriðja stigs þjónusta sé aðgengileg notendum utan stofnana fyrir tilstilli tæknilausna og aðkomu sérfræðinga þessara stofnana að landshlutateyrum.
- Þjónustu við fatlað fólk er ekki getið á yfirliti um staðsetningu þjónustu sem fram kemur á bls. 6 í skjalinu. Sambandið bendir á að þessi þjónusta er lögum samkvæmt að langmestu leyti veitt af sveitarfélögum. Þá telst þessi þjónusta sértæk, þar eð hún mætir tilteknum stuðningsþörfum fatlaðs fólks, sem ekki er mætt af almennri þjónustu. Þá þarf að uppfæra lagatilvísun á bls. 3 í skjalinu þar sem lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, hafa leyst af hólmi eldri lög um málefni fatlaðs fólks, sbr. mgr. 12. Rétt er geta þess að heildarendurskoðun stendur nú yfir á lögum nr. 38/2018, þar sem m.a. er farið yfir stigskiptingu þjónustunnar.
- Hugsanlega mætti einfalda framsetningu á skjalinu þar sem nokkuð er um endurtekningar milli kafla.


### **Að lokum**

Að skilgreina grunnþjónustu með þessum hætti er ekki einfalt og þakkar sambandið fyrir þá vönduðu vinnu sem lögð hefur verið í verkefnið. Við mótun næstu skrefa í þessu mikilvæga verkefni er mikilvægt að góð samvinna verði milli allra ráðuneyta sem og sveitarfélaga við nánari skilgreiningar og mótun aðgerða, sem geta m.a. snúið að breyttu skipulagi og samþættingu þjónustu. Þá er einnig lykilatriði að ábyrgðarskipting milli ráðuneyta sem og ríkis og sveitarfélaga verði skýr til að fækka gráum svæðum og koma í veg fyrir að ný myndist. Þá þarf hér eftir sem áður ávallt að gæta að nauðsynlegri fjármögnun verkefna.

Sambandið er að sjálfsögðu boðið og búið að taka þátt í áframhaldandi vinnu við verkefnið og væntir góðs samstarfs við bæði ráðuneyti og stofnanir þess um gerð tillagna um tæknilega framkvæmd og jöfnun kostnaðar. Þá hvetur sambandið einnig til áframhaldandi samstarfs við landshlutasamtökin um næstu skref.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri